



Reglur Norðurþings um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks

Reglur Norðurþings um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks, samkvæmt lögum nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Samkvæmt 25. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, er heimilt að veita fötluðu fólki á aldrinum 18-67 ára styrki eða fyrirgreiðslu vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar.

1. Styrk til verkfæra- og tækjakaupa eða aðra fyrirgreiðslu vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni. Styrkurinn er ætlaður til að auðvelda fötluðu fólki að skapa sér atvinnu.
2. Styrk til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga. Styrkurinn er ætlaður til greiðslu útlagðs kostnaðar vegna námsgagna og vegna námskeiðs og skólagjalda.

1. gr.

Markmið

Markmið regnanna er að auðvelda fötluðu fólki að verða sér út um þekkingu og reynslu og til að auka möguleika sína til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Í þeim tilgangi eru veittir styrkir til þess að fatlað fólk geti:

- sótt sér menntun,
- viðhaldið og aukið við þekkingu og færni og
- nýtt möguleika á aukinni þátttöku í félagslífi og atvinnu.

2. gr.

Skipulag þjónustunnar

Allar umsóknir um styrki skv. 25. grein laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 eiga að berast Félagsþjónustu Norðurþings. Úthlutun styrkja samkvæmt reglum þessum fer fram einu sinni á ári. Félagsþjónusta Norðurþings vekur athygli á rétti fólks til umsókna með því að auglýsa a.m.k. einu sinni á ári. Auglýsing skal innihalda allar upplýsingar um ferli umsóknar og hvert skal leita eftir umsóknum og upplýsingum. Auglýsa skal eigi síðar en 1. september ár hvert. Umsóknarfrestur er tvær vikur og skulu umsóknir afgreiddar innan tveggja vikna að loknum umsóknarfresti.

3. gr.

Umsóknarréttur

Rétt til styrks samkvæmt reglum þessum á við um fatlað fólk sem sem falla undir lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarnandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Fatlað fólk sem þarf sérstakan stuðning af þeirri ástæðu til hæfingar, endurhæfingar eða starfsendurhæfingar auk eftirfarandi skilyrða:

- Á lögheimili á þjónustusvæði Norðurþings.
- Er á aldrinum 18 til 67 ára.
- Hefur varanlega 75% örorku.

Styrkir eru ekki veittir í stað starfsendurhæfingarúrræða samkvæmt lögum eða reglum sem gilda á vinnumarkaði né í stað endurhæfingarúrræða sem heilbrigðisþjónustan ber ábyrgð á að veita.

- Hæfing hefur að markmiði að viðhalda og auka færni viðkomandi þannig að afleiðingar fötlunar eða áfalla leiði ekki til versnandi lífsgæða. Með félagslegri hæfingu er átt við að úrræðið sé einkum ætlað að auka og viðhalda færni viðkomandi til almennrar samfélagslegrar þátttöku.
- Endurhæfingu er ætlað að stuðla að því að einstaklingur nái aftur eins góðri andlegri, félagslegri og líkamlegri færni og mögulegt er.
- Starfsendurhæfingu er einkum ætlað að endurhæfa einstaklinga til vinnu eða náms.

4. gr.

Ferli umsókna

Sótt er um styrkinn rafrænt á vefsíðu Norðurþings, eins er hægt að nálgast umsókn hjá Félagsþjónustu Norðurþings þar sem einnig er veitt ráðgjöf og aðstoð við útfyllingu umsóknar og fylgigögn. Öflun gagna og upplýsinga skal alltaf gerð í samvinnu við umsækjanda en umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um fyrir sína hönd.

5. gr.

Skilyrði sem þarf að uppfylla til að fá styrk

Umsækjandi þarf að sýna fram á eftirfarandi forsendur til að umsókn sé tekin til meðferðar og leggja fram gögn því til staðfestingar.

- Styrkur vegna starfsemi skal skapa umsækjanda atvinnu (verkfæra- og tækjakaup).
- Fyrir liggja staðfesting á skráningu í nám eða námskeið.
- Styrkur skal stuðla að aukinni virkni og þátttöku.
- Styrkur er einstaklingsbundin og skal ekki renna til fyrirtækis.
- Umsækjandi eða talsmaður skal sýna fram á að aðrir möguleikar til styrkja hafi verið kannaðir og nýttir. Í þessu sambandi er vísað til sjóða stéttarféлага sem umsækjandi greiðir til, lögbundinna framlaga vegna hjálpartækja og þess ef nám er lánshæft samkvæmt lögum og úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna.



6. gr.

Gögn sem þurfa að fylgja umsókn

Gögn vegna námskostnaðar:

- Vottorð frá fagaðila með staðfestingu á fötlun eða örorku.
- Námsvottorð. Staðfesting frá skóla skráningu í nám og skólasókn viðkomandi.
- Kvittun fyrir námskeiðs/skólagjöldum eða greinargóð kostnaðaráætlun
- Útilokun námslána og annarra styrkja t.d. hjá stéttarfélögum.
- Umsögn tölvumiðstöðvar eða skóla
- Greinargerð umsækjenda um tilgang náms og annað sem umsækjandi vill taka fram. Almenn tilmæling um námið og námsáætlun, þ.e. námsframvinda og áætluð námslok.
- Staðfest skattframtal og staðgreiðslufirlit skatta.

Gögn vegna verkfæra- og tölvukaupa:

- Vottorð frá fagaðila þar sem fram kemur hvort viðkomandi er fær um að stunda viðkomandi starfsemi.
- Umsögn tölvumiðstöðvar og/eða önnur umsögn, ef við á.
- Útilokun á rétti vegna hjálpartækjakaupa
- Frumrit af kvittun fyrir útlögðum kostnaði eða greinargóð kostnaðaráætlun og fyrirbyggjandi tilboð um verkfæri og/eða tæki.
- Greinargerð um fyrirhugaða starfsemi og hvernig undirbúningi hennar hefur verið háttað. Áætluð rekstraráætlun og rekstrarreikningur eftir því sem við á og annað sem umsækjandi vill taka fram.
- Staðfest skattframtal og staðgreiðslufirlit skatta. Staðfestingu á að viðkomandi eigi ekki rétt á öðrum styrkjum t.d. hjá stéttarfélögum.

Umsókn sem ekki er studd þessum gögnum er vísað frá.

7. gr.

Mat á umsókn um styrk.

Þegar umsókn hefur verið móttækin er umsækjanda tilkynnt móttaka innan tveggja vikna frá móttöku með formlegum hætti.

Sé umsókn ófullnægjandi eða henni fylgja ekki nauðsynleg gögn skal umsækjanda gerð grein fyrir því sem ábótavant er og honum gefinn kostur á að bæta úr því innan tveggja vikna. Sinni hann ekki þeim tilmælum fellur umsókn úr gildi.

Séu skilyrði uppfyllt til þess að taka umsókn til meðferðar fer fram mat á umsókn. Við mat á umsókn um styrk er litið til þess hvort líklegt sé að styrkur stuðli að aukinni virkni og þátttöku og hvort hæfing sem óskað er eftir stuðningi við geti nýst á vinnumarkaði.

Tilkynna skal umsækjanda um úthlutun styrks með formlegum hætti. Umsækjandi hefur þrjú mánuði til að skila inn kvittunum vegna útborgunar styrks. Að tveimur mánuðum liðnum fær umsækjandi áminningu um að skila inn tilskildum gögnum. Sé því ekki sinnt innan tveggja vikna fellur styrkveitingin niður nema fullnægjandi ástæður liggja þar að baki. Réttur til greiðslu fellur niður ef fylgigögnum og nauðsynlegum upplýsingum hefur ekki verið skilað fyrir 31. desember þess árs sem styrkumsókn hefur verið samþykkt.



Úthlutaður styrkur er lagður inn á persónulegan reikning umsækjanda sem tilgreindur er í umsókn samkvæmt frumriti af greiðslukvittun. Í undantekningartilvikum er heimilt að greiða styrk gegn staðfestingu á námskostnaði eða verkfæra- eða tækjakaupa. Réttur til úthlutunar fellur niður sé ekki sótt um styrk innan 12 mánaða frá því að til útgjalda var stofnað. Miðað er við dagsetningu frumrits greiðslukvittunar.

8. gr **Úthlutun styrkja**

Tekið er tillit til eftirfarandi viðmiða við úthlutun styrkja:

- a. Heildarfjárhæð til úthlutunar er ákveðin í fjárhagsáætlun hvers ár.
- b. Styrkur til verkfæra- og tækjakaupa er að öllu jöfnu ekki veittur til sama einstaklings nema á 24 mánaða tímabili.
- c. Veita má árlega styrki til náms ef sýnt er fram á gildi námsins fyrir viðkomandi einstakling og fyrir liggja staðfesting um góða námsástundun og áætluð námslok.
- d. Komi til að skerða þurfi úthlutun vegna fjölda umsókna eða vegna röskunar á forsendum fyrir úthlutun er heimilt að forgangsráða umsóknum eða lækka styrkupp hæð til hvers og eins.

9. gr. **Styrkupp hæðir**

Styrkupp hæðir ákvarðast af fjárhagsáætlun hverju sinni og skulu endurskoðast í upphafi hvers fjárhagsárs með tilliti til þessa. Styrkupp hæðir skulu aldrei nema meira en 75% af útlögðum kostnaði.

Námskeiðs- og skólagjöld:

- a. Greitt er að hámarki kr. 150.000 á ári og skal styrkurinn greiddur eftirá.
- b. Styrkur vegna náms hefur forgang ef námið leiðir til beinnar starfshæfingar.

Verkfæra- og tækjakaup:

- a. Að jafnaði er ekki greiddur hærrí styrkur en kr. 100.000.

10. gr **Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum**

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi. Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

11. gr. **Leiðbeiningar til umsækjanda**

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður veita umsækjanda upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflega erindi sem ekki snertir félagsþjónustu, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.



12. gr. Rangar eða villandi upplýsingar

Styrkir sem veittir eru umsækjanda á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær eru alla jafna endukræfir og getur félagsþjónusta endurkrafid viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Ef sannreynt er við vinnslu málsins að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknar.

13. gr. Kynning á ákvörðun

Kynna skal niðurstöður umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og reglna sveitarfélagsins um styrk til náms og verkfæra- og tækjakaupa og kynna honum umleið rétt hans um áfrýjun til fjölskylduráðs.

Umsækjandi getur óskað eftir endurupptöku máls ef ákvörðun byggist á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

14. gr. Málskotsréttur

Telji umsækandi á rétt sinn halla samkvæmt reglum þessum getur umsækjandi áfrýjað til Fjölskylduráðs innan fjögurra vikna frá því að honum barst vitneskja um ákvörðun. Fjölskylduráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun Fjölskylduráðs til úrskurðarnefnda velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun Fjölskylduráðs.

15. gr. Endurupptaka máls

Umsækjandi getur óskað þess að mál sé tekið til meðferðar á ný ef afgreiðsla velferðarráðs á umsókn hans hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að hún var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina til bæjarráðs innan þriggja mánaða frá birtingu ákvörðunar. Meti bæjarráð að lagaleg skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi, er erindi um endurupptöku vísað til velferðarráðs til málsmeðferðar. Efnisatriði máls skulu ekki lögð fyrir bæjaráð.

16. gr. Gildistaka

Reglur þessar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks, samkvæmt lögum nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir öðlast nú þegar gildi.

Samþykkt á 152. fundi sveitarstjórnar þann 3. apríl 2025

